

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning við Ástralíu.

Samningur milli Íslands og Ástralíu um að komast hjá tvísköttun að því er varðar tekjuskatt og að koma í veg fyrir skattsvik og skattasniðgöngu, sem gerður var í Reykjavík 12. október 2022, öðlaðist gildi 6. nóvember 2023. Samningurinn kemur til framkvæmda á Íslandi frá og með 1. janúar 2024 skv. 29. gr. samningsins.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 15. nóvember 2023.

Bjarni Benediktsson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
MILLI ÍSLANDS OG ÁSTRALÍU
UM AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN
AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TEKJUSKATT
OG AÐ KOMA Í VEG FYRIR SKATTSVIK OG SKATTSNIÐGÖNGU

Inngangsorð.

Ísland og Ástralía

sem vilja þróa efnahagstengsl sín enn frekar og efla samstarf sín á milli í skattamálum,

sem hyggjast gera samning um að komast hjá tvísköttun að því er varðar tekjuskatt, án þess að tækifæri skapist til að komast hjá skattlagningu eða til skattalækkunar með skattsvikum eða skattsniðgöngu (m.a. með tilhögun sem byggist á samningsmisnotkun sem miðar að því að ná fram afléttingu, sem kveðið er á um í samningi þessum, óbeint til hagsbóta fyrir heimilisfasta aðila í þriðju ríkjum),

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
Gildissvið samningsins.

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til.

- Samningur þessi tekur til heimilisfastra aðila í öðru eða báðum samningsríkjunum.
- Að því er þennan samning varðar skal líta á tekjur, sem er aflað af eða fyrir milligöngu einingar eða á grundvelli tilhögunar, sem talin er gagnsæ að öllu leyti eða að hluta til í skattalegu tilliti samkvæmt skattalögum annars hvors samningsríkisins, sem tekjur heimilisfasta aðila í samningsríki en aðeins að því marki sem farið er með tekjurnar, með tilliti til skattlagningar af hálfu þess ríkis, sem tekjur heimilisfasta aðila í því ríki.
- Þessi samningur hefur ekki áhrif á skattlagningu af hálfu samningsríkis gagnvart aðilum heimilisföstum í því ríki nema með tilliti til ávinnings sem fæst skv. 2. mgr. 9. gr., 6. mgr. 13. gr., 4. mgr. 17. gr. og 18., 19., 21., 22., 23. og 26. gr.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

- Samningur þessi tekur til skatta af tekjum sem eru lagðir á af hálfu samningsríkis og, í tilviki Íslands, af hálfu stjórnvaldsumdæma eða sveitarfélaga þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.
- Til skatta af tekjum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur eða á hluta tekna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna, skattar af heildarfjárhæð launa sem fyrirtæki greiða, svo og skattar af verðmætisaukningu.
- Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru einkum þessir:
 - í Ástralíu:
 - tekjuskattur og
 - auðlindarentuskattur og
 - skattur af hlunnindum,sem lagður er á samkvæmt alríkislögum Ástralíu (hér á eftir nefndur „ástralskur skattur“),
 - á Íslandi:
 - tekjuskattar ríkissjóðs,
 - útsvar til sveitarfélaganna,(hér á eftir nefndur „íslenskur skattur“).

4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem lagðir eru á samkvæmt alríkislögum Ástralíu eða íslenskum lögum eftir undirritunardag hans, til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu tilkynna hvert öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum þeirra.

II. KAFLI Skilgreiningar.

3. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir nema annað leiði af samhenginu:
- a) „Ástralía“, þegar það er notað í landfræðilegum skilningi, útilokar öll yfirráðasvæði handan hafsbins önnur en:
 - i. yfirráðasvæði Norfolkkeyju,
 - ii. yfirráðasvæði Jólacýja,
 - iii. yfirráðasvæði Kókoseyja,
 - iv. yfirráðasvæði Ashmore- og Cartier-eyja,
 - v. yfirráðasvæði Heard- og McDonalds-eyja,
 - vi. yfirráðasvæði Coral Sea-eyja,og nær yfir svæði sem liggja að mörkum yfirráðasvæða Ástralíu (þar með talin yfirráðasvæðin sem tilgreind eru í þessari undirgrein) en um þau gilda sem stendur, í samræmi við þjóðarétt, lög Ástralíu sem fjalla um leit að eða nýtingu auðlinda innan sérefnahagslögsögunnar eða á hafsbotni og í botnlögum landgrunnsins,
 - b) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði Íslands, þar með talið landhelgin, og sérhver þetta svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur að þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra,
 - c) „atvinnustarfsemi“ felur m.a. í sér sérfræðipjónustu og aðra sjálfstæða starfsemi,
 - d) „félag“ merkir sérhver persóna að lögum eða sérhver eining sem hlýtur meðferð sem fyrirtæki eða persóna að lögum að því er skatta varðar,
 - e) „bært stjórnvald“ merkir:
 - i. í tilvikum Ástralíu, skattstjóri eða viðurkenndur fulltrúi skattstjóra og
 - ii. í tilvikum Íslands, fjármálaráðherra eða viðurkenndur fulltrúi ráðherra,
 - f) „fyrirtæki“ á við um ástundun hvers konar atvinnustarfsemi,
 - g) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu“ merkir fyrirtæki sem rekið er af heimilisföstum aðila í samningsríki og fyrirtæki sem rekið er af heimilisföstum aðila í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á,
 - h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir hvers konar flutningar með skipi eða loftfari nema slíkir flutningar séu eingöngu milli staða í samningsríki og fyrirtækið, sem rekur skipið eða loftfarið, er ekki fyrirtæki þess ríkis,
 - i) „ríkisfang“ merkir með tilliti til samningsríkis:
 - i. hver sá einstaklingur sem hefur ríkisfang eða ríkisborgararétt í því samningsríki og
 - ii. hver sá lögaðili, félag, sameignarfélag eða samtök sem byggir réttarstöðu sína sem slíka á gildandi lögum í því samningsríki,
 - j) með „aðili“ er átt við einstakling, félag og hvers kyns önnur samtök aðila,
 - k) „skattur“ merkir ástralskur skattur eða íslenskur skattur eftir því sem samhengi krefst en tekur ekki til neins konar viðurlaga eða vaxta sem lagðir eru á samkvæmt lögum annars hvors samningsríkisins í tengslum við skatt viðkomandi,
 - l) „viðurkenndur lífeyrissjóður“ samningsríkis merkir eining eða tilhögun sem komið er á fót í því ríki og farið er með sem sérstakan aðila samkvæmt skattalögum þess ríkis eða, í tilvikum Ástralíu, jafngreiðslulífeyrissjóður að því er varðar ástralskan skatt eða, í tilvikum Íslands, íslenskur lífeyrissjóður samkvæmt íslenskum lögum um tekjuskatt og

- i. sem er komið á fót og starfar eingöngu, eða því sem næst, við að stýra eða greiða eftirlaun og tengdar greiðslur eða tilfallandi greiðslur til einstaklinga og sem lýtur sem slíkur reglum þess ríkis eða stjórnvaldsumdæmis eða sveitarfélaga þess eða
 - ii. sem er komið á fót og er rekinn í þeim eina tilgangi, eða því sem næst, að fjárfesta í þágu eininga eða tilhögunar sem um getur í i. lið eða, í tilviki Ástralíu, fjárfesta slíkt fjármagn eða eignir jafngreiðslulífeyrissjóða sem falla þar undir eða aðskildar undanþegnar eignir líffryggingafélags sem hefur heimilisfesti í Ástralíu, eða einhvers konar sambland af þessu,
- m) „viðurkennd kauphöll“ merkir:
- i. Kauphöll Ástralíu og hver sú kauphöll önnur í Ástralíu sem er viðurkennd samkvæmt áströlskum lögum,
 - ii. Kauphöll Íslands og hver sú kauphöll önnur á Íslandi sem er viðurkennd samkvæmt íslenskum lögum og
 - iii. hver sú kauphöll önnur sem bær stjórnvöld koma sér saman um.
2. Við beitingu samningsríkis á ákvæðum samningsins á hverjum tíma skulu öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema samhengið krefjist annars, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum þess ríkis að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess ríkis skal ganga framur þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.

Heimilisfastur aðili.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „heimilisfastur aðili í samningsríki“ hver sá aðili sem er, samkvæmt lögum þess ríkis, skattskyldur í því ríki og einnig ríkið sjálft og stjórnvaldsumdæmi eða sveitarfélög þess og viðurkenndur lífeyrissjóður í því ríki. Hugtakið nær þó ekki yfir neinn þann aðila sem er skattskyldur í því ríki einungis vegna tekna sem eru upprunnar í því ríki.
2. Þegar einstaklingur telst heimilisfastur í báðum samningsríkjum á grundvelli ákvæða 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:
 - a) einstaklingurinn skal talinn heimilisfastur einungis í því ríki þar sem honum stendur til boða fast heimili; hafi einstaklingurinn fast heimili í báðum ríkjum skal hann talinn heimilisfastur einungis í því ríki þar sem persónuleg og fjárhagsleg tengsl hans eru nánari (miðstöð persónuhagsmuna),
 - b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu miðstöð persónuhagsmuna er, eða ef einstaklingnum stendur til boða fast heimili í hvorugu ríkinu, telst einstaklingurinn einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði,
 - c) ef einstaklingurinn dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann hefur ríkisfang,
 - d) ef einstaklingurinn hefur ríkisfang í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.
3. Þegar aðili, annar en einstaklingur, telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum á grundvelli ákvæða 1. mgr. skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leitast við að ákvarða, með gagnkvæmu samkomulagi, í hvaða samningsríki sá aðili skal teljast heimilisfastur að því er samning þennan varðar, að teknu tilliti til þess hvar hann hefur raunverulega framkvæmdastjórn, er stofnaður eða lögskipaður með öðrum hætti og til annarra þátta sem skipta máli. Ef slíkt samkomulag liggur ekki fyrir skal ekki líta svo á að aðilinn sé heimilisfastur í samningsríki og geti notið ávinnings af þessum samningi.
4. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa samnings skal fara með umgjörð um sameiginlega fjárfestingu, sem er komið á fót í samningsríki og fær tekjur í hinu samningsríkinu, við beitingu samningsins gagnvart slíkum tekjum, á sama hátt og einstakling sem er heimilisfastur í því samningsríki þar sem því er komið á fót og sem raunverulegan eiganda þeirra tekna sem það fær (að því tilskildu að litið hefði verið á einstakling, sem er heimilisfastur í fyrnefnda ríkinu og fengið hefði tekjur við sömu aðstæður, sem raunverulegan eiganda teknanna) en aðeins að því marki sem raunverulegir eignarhlutar í umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu er í eigu heimilisfastra aðila í

aðildarríkinu þar sem umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu er komið á fót. Á hinn bóginn, ef:

- a) aðalflokkur hlutabréfa, hlutdeildarskírteina eða annarra sambærilegra réttinda í umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu er skráður og regluleg viðskipti eru með hann í viðurkenndri kauphöll í samningsríkinu þar sem umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu er komið á fót,
- b) a.m.k. 80% af virði raunverulegra réttinda í umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu er í eigu heimilisfastra aðila í samningsríkinu þar sem umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu er komið á fót eða
- c) a.m.k. 90% af virði raunverulegra réttinda í umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu eru í eigu jafngilda haghafa,

skal fara með umgjörðina um sameiginlega fjárfestingu á sama hátt og einstakling sem er heimilisfastur í samningsríkinu þar sem því er komið á fót og sem raunverulegan eiganda allra þeirra tekna sem það fær (að því tilskildu að litið hefði verið á einstakling, sem er heimilisfastur í ríkinu og fengið hefði tekjur við sömu aðstæður, sem raunverulegan eiganda teknanna).

5. Að því er 4. mgr. varðar:

- a) „umgjörð um sameiginlega fjárfestingu“ merkir umgjörð sem er með dreift eignarhald, heldur fjölbreyttu verðbréfasafni eða fjárfestir beint eða óbeint í fasteignum, í þeim megintilgangi að fá leigutekjur, og fellur undir reglur um fjárfestavernd í því ríki þar sem því er komið á fót og er:
 - i. í tilviki Ástralíu, vörslusjóður sem er stýrður fjárfestingavörslusjóður (e. managed investment trust) að því er ástralskan skatt varðar,
 - ii. í tilviki Íslands, verðbréfasjóður að því er íslensk lög varðar eða að öðrum kosti sérhæfður sjóður að því er íslensk lög varðar og
 - iii. annar fjárfestingarsjóður eða fyrirtæki sem er komið á fót í öðru hvoru samningsríkinu sem Ástralía og Ísland koma sér saman um, með orðsendingaskiptum, að líta á sem umgjörð um sameiginlega fjárfestingu og
- b) „jafngildur haghafi“ merkir heimilisfastur aðili í samningsríkinu þar sem umgjörðinni um sameiginlega fjárfestingu er komið á fót og heimilisfastur aðili í öðru ríki sem samningsríki þar sem tekjurnar myndast hefur tvísköttunarsamning við, sem kveður á um markvirk og víðtæk upplýsingaskipti, sem myndi, ef slíkur heimilisfastur aðili fengi tiltekna tekjutegund sem er tilefni kröfu um ávinning samkvæmt þessum samningi, eiga rétt á, samkvæmt þeim samningi, eða samkvæmt landslögum samningsríkisins þar sem tekjurnar myndast, skatt- hlutfalli vegna þess tekjuliðar sem er a.m.k. jafnlágt og umgjörðin um sameiginlega fjárfestingu fer fram á samkvæmt þessum samningi með tilliti til þess tekjuliðar.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ föst starfsstöð þar sem atvinnustarfsemi fyrirtækis fer fram að nokkru eða öllu leyti.
2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:
 - a) aðseturs framkvæmdastjórnar,
 - b) útibús,
 - c) skrifstofu,
 - d) verksmiðju,
 - e) verkstæðis,
 - f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar og
 - g) landbúnaðar- eða skógræktareignar.
3. Byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd telst því aðeins föst atvinnustöð að hún standi lengur en sex mánuði.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr., þegar fyrirtæki í samningsríki:
 - a) rekur eftirlits- eða ráðgjafarstarfsemi í hinu ríkinu yfir tímabil sem fer eða fara í heildina yfir 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili í tengslum við byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd sem fer fram í hinu ríkinu,

- b) rekur starfsemi (þar með talin rekstur umtalsverðs búnaðar) í hinu ríkinu við leit að eða nýtingu á náttúruauðlindum í því ríki yfir tímabil sem fer eða fara í heildina yfir 90 daga á hverju 12 mánaða tímabili eða
- c) rekur umtalsverðan búnað í hinu ríkinu (þar með talið eins og kveðið er á um í b-lið) yfir tímabil sem fer eða fara í heildina yfir 183 daga á hverju 12 mánaða tímabili, skal líta svo á að slík starfsemi fari fram í fastri atvinnustöð fyrirtækisins sem er staðsett í hinu ríkinu nema ef starfsemin er takmörkuð við þá starfsemi sem um getur í 6. mgr. sem myndi ekki gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar þótt starfsemin væri innt af hendi frá fastri starfsstöð.
5. Einvörðungu í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið hefur verið umfram þau tímabil sem um getur í 3. og 4. mgr.:
- a) þegar fyrirtæki í samningsríki rekur starfsemi sem um getur í 3. og 4. mgr. í hinu samningsríkinu og
- b) þegar eitt eða fleiri fyrirtæki sem eru nátengd fyrrnefnda fyrirtækinu reka tengda starfsemi í hinu samningsríkinu á mismunandi tímabilum sem er hvert um sig lengra en 30 dagar, skal leggja þessi mismunandi tímabil við rekstrartímabil fyrrnefnda fyrirtækisins.
6. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar nær hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
- a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins,
- b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlað til geymslu, sýningar eða afhendingar,
- c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlað til vinnslu hjá öðru fyrirtæki,
- d) viðhalds fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í tengslum við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið,
- e) viðhalds fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast hvers konar aðra starfsemi fyrir fyrirtækið,
- f) viðhalds fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð fyrir hvers konar sambland starfsemi sem um getur í a- til e-lið, enda felist sú starfsemi eða, í tilviki f-liðar, öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð í undirbúnings- eða stoðstarfsemi.
7. Ákvæði 6. mgr. skulu ekki gilda um fasta starfsstöð, sem fyrirtæki notar eða viðheldur, ef sama eða nátengt fyrirtæki stundar atvinnustarfsemi á sama stað eða á öðrum stað í sama samningsríki og:
- a) sá staður eða annar staður er föst atvinnustöð fyrir fyrirtækið eða nátengt fyrirtæki samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eða
- b) heildarstarfsemin, sem leiðir af samanlagðri starfsemi sem fyrirtækin tvö reka á sama staðnum, eða sama fyrirtækið eða nátengd fyrirtæki á báðum stöðum, er ekki undirbúnings- eða stoðstarfsemi, að því tilskildu að atvinnustarfsemin, sem fyrirtækin tvö reka á sama staðnum, eða sama fyrirtækið eða nátengd fyrirtæki á báðum stöðum, teljist vera viðbótarstarfssvið sem er hluti af heildstæðri atvinnustarfsemi.
8. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. en með fyrirvara um ákvæði 9. mgr. þegar aðili kemur fram í samningsríki fyrir hönd fyrirtækis og
- a) gerir í því sambandi að jafnaði samninga eða gegnir að jafnaði lykilhlutverki sem leiðir til samningagerðar sem fer fram venju samkvæmt án efnislegrar breytingar af hálfu viðkomandi fyrirtækis og þessir samningar eru:
- i. í nafni viðkomandi fyrirtækis eða
- ii. vegna yfirfærslu eignarhalds eða veitingar á notkunarrétti yfir eign sem fyrirtækið á eða hefur rétt til að nota eða
- iii. vegna þjónustustarfsemi þess fyrirtækis eða
- b) framleiðir eða vinnur í samningsríki fyrir fyrirtækið vörur eða varning sem tilheyra fyrirtækinu,

skal það fyrirtæki teljast vera með fasta atvinnustöð í því ríki að því er varðar hverja þá starfsemi sem sá aðili hefur með höndum fyrir fyrirtækið nema ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um getur í 6. mgr. og myndi ekki gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð (aðra en fasta starfsstöð sem 7. mgr. myndi gilda um).

9. Ákvæði 8. mgr. gilda ekki þegar aðili, sem starfar í samningsríki af hálfu fyrirtækis í hinu samningsríkinu, hefur með höndum atvinnustarfsemi í fyrrnefnda ríkinu sem óháður aðili og kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins innan venjulegra marka slíkrar atvinnustarfsemi. Komi aðili hins vegar einvörðungu eða næstum einvörðungu fram fyrir hönd eins fyrirtækis eða fleiri, sem sá aðili hefur nán tengsl við, skal sá aðili ekki talinn vera óháður aðili í skilningi þessarar málsgreinar að því er slík fyrirtæki varðar.
10. Þótt félag, sem er heimilisfast í samningsríki, hafi yfiráð yfir félagi eða lúti yfiráðum félags, sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu, eða hefur með höndum atvinnustarfsemi í hinu ríkinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé talin föst atvinnustöð hins.
11. Að því er varðar ákvæði þessarar greinar telst aðili eða fyrirtæki hafa nán tengsl við fyrirtæki ef, að teknu tilliti til allra staðreynda og aðstæðna er máli skipta, annar hefur yfiráð yfir hinum eða báðir lúta yfiráðum sömu aðila eða fyrirtækja. Hvað sem öðru líður telst aðili eða fyrirtæki hafa nán tengsl við fyrirtæki ef annar á, beint eða óbeint, meira en helming raunverulegra réttinda í hinum (eða, ef um félag er að ræða, fer með meira en helming heildaratkvæða og á meira en helming heildarverðmætis hlutabréfa í félaginu eða raunverulegra hlutafjarréttinda í því) eða ef annar aðili eða fyrirtæki á, beint eða óbeint, meira en helming raunverulegra réttinda (eða, ef um félag er að ræða, fer með meira en helming heildaratkvæða og á meira en helming heildarverðmætis hlutabréfa í félaginu eða raunverulegra hlutafjarréttinda í því) í viðkomandi aðila og fyrirtæki eða í fyrirtækjunum báðum.
12. Beita skal meginreglunum, sem eru settar fram í fyrri málsgreinum þessarar greinar, við ákvörðun, að því er varðar 7. mgr. 11. gr. og 5. mgr. 12. gr., á því hvort fyrir hendi sé föst atvinnustöð utan beggja samningsríkjanna og hvort fyrirtæki, sem er ekki fyrirtæki í samningsríki, hafi fasta atvinnustöð í samningsríki.

III. KAFLI

Skattlagning tekna.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur, sem heimilisfastur aðili í samningsríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum) sem staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Hugtakið „fasteign“ skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum skal hugtakið fela í sér:
 - a) leigu á landi og hvers konar réttindi á eða yfir landi, einnig með umbótum,
 - b) fylgifé með fasteign,
 - c) búfé og tæki sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar,
 - d) réttindi varðandi landeignir samkvæmt ákvæðum almennra laga,
 - e) afnotarétt af fasteign,
 - f) rétt til leitar að steinefnum, olíu- eða gaslindum eða öðrum náttúruauðlindum og rétt til vinnslu þessara linda eða auðlinda og
 - g) rétt til breytilegra eða fastra greiðslna, annaðhvort sem þóknunar fyrir eða vegna nýtingar eða réttarins til að leita að eða nýta steinefni, olíu- eða gaslindir, grjótnámur eða aðra staði til námuvinnslu eða nýtingar á náttúruauðlindum.Skip og loftför teljast ekki til fasteigna.
3. Líta skal svo á að hagsmunir eða réttur sem um getur í 2. mgr. séu þar sem landið, steinefnin, olíu- eða gaslindirnar, grjótnámurnar eða náttúruauðlindirnar, eftir atvikum, eru staðsettar eða þar sem leit fer fram.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.
5. Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis.

7. gr.

Hagnaður af atvinnustarfsemi.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnustarfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíka atvinnustarfsemi með höndum má skattleggja hagnað fyrirtækisins í hinu ríkinu en aðeins að því marki sem rekja má hann til þeirrar föstu atvinnustöðvar.
2. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr., þegar fyrirtæki í samningsríki stundar atvinnustarfsemi í hinu samningsríkinu í gegnum fasta atvinnustöð þar skal í hvoru samningsríki um sig telja til þeirrar föstu atvinnustöðvar hagnað sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaða atvinnustarfsemi við sömu eða svipaðar aðstæður og ætti í algerlega sjálfstæðum samskiptum við fyrirtækið sem hún fellur undir sem föst atvinnustöð eða önnur fyrirtæki sem hún er í samskiptum við.
3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal vera heimilt að draga frá kostnað fyrirtækisins enda sé um að ræða kostnað sem stofnað er til í þágu föstu atvinnustöðvarinnar (þar með talinn framkvæmdakostnaður og almennur stjórnunarkostnaður sem stofnað hefur verið til) og sem myndi vera frádráttarbær ef fasta atvinnustöðin væri sjálfstæð eining sem greiddi þennan kostnað hvort sem til hans er stofnað í samningsríkinu þar sem fasta atvinnustöðin er staðsett eða annars staðar.
4. Ekki skal líta svo á að hagnað megi rekja til fastrar atvinnustöðvar einungis á grundvelli kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.
5. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði gilda um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.
6. Þrátt fyrir fyrri ákvæði þessarar greinar er heimilt að skattleggja hagnað fyrirtækis í samningsríki af atvinnustarfsemi við hvers konar váttryggingastarfsemi í hinu samningsríkinu í samræmi við lög hins ríkisins.
7. Þegar:
 - a) heimilisfastur aðili í samningsríki á raunverulegan rétt, hvort sem er með beinum hætti eða í gegnum einn eða fleiri vörslusjóði, til hlutdeildar í hagnaði af atvinnustarfsemi fyrirtækis sem fer fram í hinu samningsríkinu af hendi vörsluaðila vörslusjóðs, þó ekki vörslusjóðs sem farið er með sem félag að því er skatta varðar, og
 - b) vörsluaðilinn myndi, í tengslum við það fyrirtæki, í samræmi við meginreglurnar í 5. gr., hafa fasta atvinnustöð í hinu ríkinu,skal fyrirtækið, sem rekið er af vörsluaðilanum, teljast vera atvinnustarfsemi sem er rekin í hinu samningsríkinu af þeim heimilisfasta aðila í gegnum fasta atvinnustöð í því ríki og skal rekja hlutdeild í hagnaði af atvinnustarfsemi til þeirrar föstu atvinnustöðvar.
8. Samningsríki skal ekki gera neinar leiðréttingar á hagnaði sem rekja má til fastrar atvinnustöðvar fyrirtækis í öðru samningsríkjanna eftir að sjö ár eru liðin frá lokum skattársins þegar gera hefði mátt ráð fyrir að rekja mætti hagnaðinn til föstu atvinnustöðvarinnar. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki gilda ef um er að ræða svik, stórfellt gáleysi eða vísvitandi vanrækslu eða ef, á þessu sjö ára tímabili, annað hvort ríkið hefur hafið skoðun á hagnaði fyrirtækisins.

8. gr.

Sjóflutningar og flutningar í lofti.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má skattleggja hagnað fyrirtækis í samningsríki, sem hlýst af flutningi með skipum eða loftförum á farþegum, búfenaði, pósti, vörum eða varningi sem er sendur í hinu samningsríkinu og afhentur á stað í hinu samningsríkinu, eða af leigu með öllu á skipi eða loftfari vegna slíkra flutninga, í hinu samningsríkinu.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu, sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.
4. Að því er þessa grein varðar telst hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum fela í sér hagnað af notkun, viðhaldi eða leigu á gámum (þar með taldir eftirvagnar og skyldur búnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru við flutning á vörum eða varningi, að því tilskildu að slík notkun, viðhald eða leiga tengist beint eða styðji við rekstur skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki.

1. Þegar:
 - a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórnun, yfirráðum eða fjármögnun fyrirtækis í hinu samningsríkinu eða
 - b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórnun, yfirráðum eða fjármögnun fyrirtækis í samningsríki, svo og fyrirtækis í hinu samningsríkinu,
 og fyrirtækin tvö semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilyrði um innbyrðis tengsl sín á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem gera hefði mátt ráð fyrir í viðskiptum sjálfstæðra fyrirtækja sem eru fyllilega óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem gera hefði mátt ráð fyrir að hefði runnið til annars fyrirtækisins án þessara skilyrða, en rennur ekki til þess vegna skilyrðanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.
2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki – og skattleggur samkvæmt því – hagnað sem fyrirtæki í hinu samningsríkinu hefur verið skattlagt af í því ríki og hagnaðurinn, sem þannig er innifalinn, er hagnaður sem gera hefði mátt ráð fyrir að hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilyrðin, sem samið var um milli fyrirtækjanna tveggja, hefðu verið þau sömu og gera hefði mátt ráð fyrir að samið hefði verið um í viðskiptum sjálfstæðra fyrirtækja sem eru fyllilega óháð hvort öðru, skal síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal taka fullt tillit til annarra ákvæða samnings þessa og skulu bær stjórnvöld samningsríkjanna hafa samráð ef nauðsyn krefur.
3. Samningsríki skal ekki telja til hagnaðar fyrirtækis, og skattleggja til samræmis við það, hagnað sem gera hefði mátt ráð fyrir að hefði runnið til fyrirtækisins en hefur ekki runnið til þess vegna skilyrðanna sem um getur í 1. mgr., eftir að sjö ár eru liðin frá lokum skattársins þegar gera hefði mátt ráð fyrir að hagnaðurinn hefði runnið til fyrirtækisins. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki gilda ef um er að ræða svik, stórfellt gáleysi eða vísvitandi vanrækslu eða ef, á þessu sjö ára tímabili, ríkið hefur hafið skoðun á hagnaði fyrirtækis.

10. gr.

Arður.

1. Arð, sem félag með heimilisfesti í samningsríki greiðir heimilisföstum aðila í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíkan arð, sem félag með heimilisfesti í samningsríki greiðir, má þó einnig skattleggja í því ríki samkvæmt lögum þess ríkis en ef raunverulegur eigandi arðsins er heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en:
 - a) fimm hundraðshlutar af heildarfjárhæð arðsins ef hinn raunverulegi eigandi er félag sem hefur með beinum hætti a.m.k. 10 hundraðshluta af atkvæðisrétti í því félagi, sem greiðir út arðinn, á 365 daga tímabili að meðtöldum deginum þegar arðurinn er greiddur út (þegar tímabilið er reiknað út skal ekki taka tillit til breytinga á eignarhaldi sem leiða beint af endurskipulagningu fyrirtækja, s.s. samruna eða uppskiptingu félagsins sem á hlutina eða greiðir arðinn),
 - b) 15 hundraðshlutar af heildarfjárhæð arðsins í öllum öðrum tilvikum.
 Ákvæði þessarar málsgreinar skulu engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem arður er greiddur af.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal ekki skattleggja arð í samningsríkinu þar sem félagið sem greiðir arðinn hefur heimilisfesti ef raunverulegur eigandi arðsins er félag sem hefur heimilisfesti í hinu

samningsríkinu sem á, beint eða óbeint, í gegnum einn eða fleiri heimilisfastan aðila í öðru hvoru samningsríkinu, a.m.k. 80 hundraðshluta af atkvæðisrétti í því félagi, sem greiðir út arðinn, á 365 daga tímabili að meðtöldum deginum þegar arðurinn er greiddur út (þegar tímabilið er reiknað út skal ekki taka tillit til breytinga á eignarhaldi sem leiðir beint af endurskipulagningu fyrirtækja, s.s. samruna eða uppskiptingu félagsins sem á hlutina með beinum eða óbeinum hætti eða greiðir arðinn) og raunverulegur eigandi arðsins:

- a) hefur skráð aðalflokk hlutabréfa í viðurkenndri kauphöll sem tilgreind er í m-lið 3. gr. og regluleg viðskipti eru með hann í viðurkenndri kauphöll eða kauphöllum,
 - b) er í beinni eða óbeinni eigu félags eða félaga (að því tilskildu, ef um er að ræða óbeint eignarhald, að hvert eignarhaldsfélag hafi heimilisfesti í samningsríki eða sé félag sem um getur í ii-lið):
 - i. sem hefur skráð aðalflokk hlutabréfa í viðurkenndri kauphöll sem tilgreind er í m-lið 3. gr. og regluleg viðskipti eru með hann í viðurkenndri kauphöll eða kauphöllum eða
 - ii. sem hvert um sig, ef það á með beinum hætti hlutabréfin sem arðurinn er greiddur af, á rétt á jafngildum ávinningi að því er varðar slíkan arð samkvæmt tvísköttunarsamningi milli ríkisins þar sem félagið hefur heimilisfesti og samningsríkisins þar sem félagið sem greiðir arðinn hefur heimilisfesti eða
 - c) uppfyllir ekki kröfur a- eða b-liðar þessarar málsgreinar en bært stjórnvald fyrrnefnda samningsríkisins ákvarðar að skilyrðin fyrir því að synja ávinningi samkvæmt þessum samningi í 1. mgr. 27. gr. séu ekki fyrir hendi. Bært stjórnvald í fyrrnefnda samningsríkinu skal hafa samráð við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu áður en það synjar um veitingu ávinnings af þessum samningi samkvæmt þessari undirgrein.
4. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. mgr. skal ekki skattleggja arð í samningsríkinu þar sem félagið sem greiðir arðinn hefur heimilisfesti ef raunverulegur eigandi arðsins á með beinum hætti innan við 10 hundraðshluta af atkvæðisrétti í félaginu sem greiðir arðinn, raunverulegur eigandi getur ekki með beinum eða óbeinum hætti ákvarðað auðkenni eins eða fleiri aðila sem taka ákvarðanir sem fylgja stjórnun og stefnu í rekstri félagsins sem greiðir arðinn og raunverulegur eigandi er:
- a) samningsríki eða stjórnvaldsumdæmi eða sveitarfélag í samningsríkinu (þ.m.t. fjárfestingarsjóður ríkisins),
 - b) Seðlabanki Ástralíu eða Seðlabanki Íslands,
 - c) í tilviki Ástralíu, viðurkenndur lífeyrissjóður í Ástralíu eða heimilisfastur aðili í Ástralíu sem fær slíkan arð af rekstri jafngreiðslulífeyrissjóða sem falla þar undir eða
 - d) í tilviki Íslands, viðurkenndur lífeyrissjóður á Íslandi sem hefur tekjur sem eru undanþegnar skatti á Íslandi.
5. Hugtakið „arður“ merkir, eins og það er notað í þessari grein, tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, sem veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og aðrar fjárhæðir sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem félagið, sem framkvæmir úthlutunina, er heimilisfast með tilliti til skatta þess.
6. Ákvæði 1., 2., 3. og 4. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi arðsins er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast og eignarhluturinn, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundinn við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.
7. Ef félag, sem er heimilisfast í samningsríki, fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt arðinn sem félagið greiðir — enda sé arðurinn raunverulega í eigu aðila sem er ekki heimilisfastur í hinu samningsríkinu — nema að því leyti sem eignarhluturinn, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundinn við fasta atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu, og ekki heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins; þetta gildir jafnt þótt arðurinn sem greiddur er eða óúthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.
8. Þrátt fyrir 7. mgr. má skattleggja arð, sem greiddur er af félagi sem telst aðeins hafa heimilisfesti í einu samningsríki skv. 3. mgr. 4. gr., í hinu samningsríkinu en aðeins að því marki sem arðurinn er greiddur af hagnaði sem myndast í hinu samningsríkinu. Ef slíkur arður er raunverulega í eigu

heimilisfasts aðila í fyrrnefnda ríkinu gildir 2. mgr. þessarar greinar eins og félagið sem greiðir arðinn væri aðeins með heimilisfesti í hinu ríkinu.

11. gr.

Vextir

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og eru greiddir til heimilisfasts aðila í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu.
2. Vexti sem myndast í samningsríki má þó einnig skattleggja í því ríki samkvæmt lögum þess ríkis, en ef raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð vaxtanna.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal ekki leggja skatt á vexti, sem myndast í samningsríki og eru í raunverulegri eigu heimilisfasts aðila í hinu samningsríkinu, í fyrrnefnda ríkinu ef vaxtanna er aflað af:
 - a) samningsríki eða stjórnvaldsumdæmi eða sveitarfélag í samningsríkinu (þ.m.t. fjárfestingarsjóður ríkisins),
 - b) Seðlabanka Ástralíu eða Seðlabanka Íslands,
 - c) í tilviki Ástralíu, viðurkenndum lífeyrissjóði í Ástralíu eða heimilisföstum aðila í Ástralíu sem fær slíka vexti af rekstri jafngreiðslulífeyrissjóða sem falla þar undir eða
 - d) í tilviki Íslands, viðurkenndum lífeyrissjóði á Íslandi sem hefur tekjur sem eru undanþegnar skatti á Íslandi eða
 - e) fjármálastofnun sem er ótengd greiðanda og á í viðskiptum sem eru fyllilega óháð greiðanda. Að því er þessa grein varðar merkir „fjármálastofnun“ banki eða annað fyrirtæki sem fær hagnað sinn að stærstum hluta með því að afla lánsfjár á fjármálamörkuðum eða með því að taka við innlánnum gegn vöxtum og nota þessa fjármuni til að stunda atvinnustarfsemi sem felur í sér veitingu fjármögnunar.
4. Þrátt fyrir 3. mgr.:
 - a) má leggja skatt á vexti sem um getur í a-, b-, c- og d-lið þeirrar málsgreinar í samningsríkinu þar sem þeir verða til en þó ekki hærri en 10 hundraðshluta af vergri fjárhæð vaxtanna ef raunverulegur eigandi vaxtanna getur með beinum eða óbeinum hætti ákvarðað auðkenni eins eða fleiri aðila sem taka ákvarðanir sem fylgja stjórnun og stefnu í rekstri útgefanda skuldakröfunnar,
 - b) má leggja skatt á vexti sem um getur í e-lið þeirrar málsgreinar í ríkinu þar sem þeir verða til en þó ekki hærri en 10 hundraðshluta af vergri fjárhæð vaxtanna ef vextirnir eru greiddir sem hluti af samkomulagi sem felur í sér skiptisamninga (e. back-to-back loans) eða aðra tilhögun með fjárhagslegt jafngildi og sem er ætlað að hafa svipuð áhrif og skiptisamningar.
5. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum, hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldarans eða ekki, og einkum tekjur af ríkisverðbréfum og tekjur af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, einnig tekjur sem fá sömu skattameðferð og tekjur af peningum sem eru lánaðir samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem teknanna er aflað.
6. Ákvæði 1. og 2. mgr., e-liðar 3. mgr. og 4. mgr. þessarar greinar gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna, sem er heimilisfastur aðili í samningsríki, hefur með höndum atvinnustarfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast og skuldakrafan, sem vextirnir eru greiddir af, er raunverulega tengd slíkri fastri atvinnustöð. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.
7. Líta skal svo á að vextir hafi myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur aðili í því samningsríki með tilliti til skatta. Ef sá aðili sem greiðir vextina, hvort sem hann er heimilisfastur aðili í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð í samningsríki eða utan beggja samningsríkjanna og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er tengd föstu atvinnustöðinni, og vextirnir eru gjaldfærðir hjá fyrrnefndri fastri atvinnustöð, skulu þeir þó taldir myndast í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er staðsett.
8. Þegar fjárhæð vaxtanna er, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og annars aðila, hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, en sú fjárhæð sem gera hefði mátt ráð fyrir að greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef

Þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, áfram skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr.

Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og eru greiddar eða færðar sem inneign heimilisfasts aðila í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en ef raunverulegur eigandi þóknana er heimilisfastur aðili í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknana.
3. Hugtakið „þóknanir“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslur eða inneign, hvort sem þær eru reglubundnar eða ekki, og hvernig sem þeim er lýst eða þær reiknaðar, að því marki sem þær eru settar fram sem endurgjald fyrir:
 - a) afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti, einkaleyfum, hönnun eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð, vörumerki eða svipaðri eign eða réttindum,
 - b) þekkingu eða upplýsingar á sviði vísinda, tækni, iðnaðar eða viðskipta,
 - c) aðstoð sem kemur til viðbótar og er til hliðar við slíkar eignir eða réttindi sem um getur í a-lið eða hvers kyns þekkingu eða upplýsingar sem um getur í b-lið, og sem er veitt svo unnt sé að nota eða njóta þeirra,
 - d) notkun eða afnotarétt á:
 - i. kvikmyndum,
 - ii. filmum eða hljóð- eða myndböndum eða -diskum, eða annars konar eftirgerð eða sendingu á mynd eða hljóði til notkunar í tengslum við sjónvarp, útvarp eða annars konar útsendingar,
 - e) notkun eða afnotarétt á tíðnirófi fyrir útvarpsbylgjur, í heild eða að hluta, eins og tilgreint er í leyfi fyrir tíðnirófi í samningsríki, þegar greiðsla eða inneign verða til í því ríki, eða
 - f) að takmarka aðgang annarra, í heild eða að hluta, að því er varðar notkun eða framboð á hvers kyns eignum eða réttindum sem um getur í þessari málsgrein.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknana, sem er heimilisfastur í samningsríki, hefur með höndum atvinnustarfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanir myndast og réttindin eða eignin, sem gefur af sér greiðslu eða inneign, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.
5. Þóknanir skulu taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki með tilliti til skatta þess. Ef sá aðili sem greiðir þóknanirnar, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð í samningsríki eða utan beggja samningsríkjanna og skyldan til að greiða þóknanirnar er tengd föstu atvinnustöðinni, og þóknanirnar eru gjaldfærðar hjá fyrrnefndri fastri atvinnustöð, skulu þær þó taldar myndast í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er staðsett.
6. Þegar fjárhæð þóknana sem koma til greiðslu eða inneignar er hærri, vegna sérstaks sambands greiðanda og raunverulegs eiganda eða þeirra beggja og annars aðila, með hliðsjón af því sem liggur að baki slíkri greiðslu eða inneign, en sú fjárhæð sem gera hefði mátt ráð fyrir að greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skulu þær greiðslur eða inneignir, sem umfram eru, áfram skattlagðar samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.

Sala eigna.

1. Tekjur, sem heimilisfastur aðili í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Tekjur, sem fást af sölu lausafjár sem er hluti af eignum atvinnustarfsemi fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, þar með taldar tekjur af sölu slíkrar fastrar atvinnustöðvar (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild), má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
3. Tekjur, sem fyrirtæki í samningsríki sem rekur skip eða loftför í flutningum á alþjóðaleiðum fær af sölu slíkra skipa eða loftfara eða lausafjár sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því ríki.
4. Tekjur, sem heimilisfastur aðili í samningsríki hlýtur af sölu hlutabréfa eða sambærilegra eignarhluta, til dæmis eignarhluta í sameignarfélagi eða vörslusjóði, er heimilt að skattleggja í hinu samningsríkinu ef rekja má, á einhverjum tímapunkti næstliðna 365 daga fyrir söluna, a.m.k. 50 hundraðshluta af virði þessara hlutabréfa eða sambærilegu eignarhluta beint eða óbeint til fasteignar, eins og skilgreint er í 6. gr., sem er staðsett í hinu ríkinu.
5. Fjárhagslegur hagnaður, sem fæst af sölu annarra eigna en getið er í málsgreinunum hér að framan, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur. Ef raunverulegur eigandi hagnaðarins er hins vegar ekki heimilisfastur aðili í því samningsríki má einnig skattleggja slíkan hagnað, af sölu eignar í hinu samningsríkinu, í viðkomandi hinu samningsríki.
6. Ef einstaklingur, sem hættir að hafa heimilisfesti í samningsríki, fær meðferð samkvæmt skattalögum þess ríkis líkt og hann hafi selt eignir og hann skattlagður í því ríki á þeim grundvelli getur einstaklingurinn valið að fá skattalega meðferð í hinu samningsríkinu eins og ef hann hefði, rétt áður en hann hætti að hafa heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu, selt og keypt eignina aftur fyrir fjárhæð sem er jöfn markaðsvirði hennar á þeim tíma.
7. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á rétt samningsríkis til að leggja, í samræmi við lög ríkisins, skatt á tekjur af sölu eigna sem einstaklingur, sem er heimilisfastur í því samningsríki, fær einhvern tímann á því tekjuári þegar eignin er seld, eða sem haft hefur slíka heimilisfesti á einhverjum tíma á næstliðnum 6 árum fyrir það ár.

14. gr.

Atvinnutekjur.

1. Með fyrirvara um ákvæði 15., 17. og 18. gr. skulu laun og annað svipað endurgjald, sem heimilisfastur aðili í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki nema starfið sé innt af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er innt af hendi með þeim hætti má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem heimilisfastur aðili í samningsríki fær fyrir starf sem hann innir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:
 - a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu yfir eitt eða fleiri tímabil, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári, og
 - b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í hinu ríkinu og
 - c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.
3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar skal eingöngu skattleggja endurgjald sem heimilisfastur aðili í samningsríki fær sem meðlimur fastrar áhafnar á skipi eða loftfari fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari sem er í flutningum á alþjóðaleiðum, þó ekki um borð í skipi eða loftfari sem er eingöngu starfrækt innan hins samningsríkisins, í fyrrnefnda samningsríkinu.
4. Þegar hlunnindi eru, ef ekki væri fyrir beitingu þessarar málsgreinar, skattskyld í samningsríki í hendi einstaklings að því er varðar störf sem hann innir af hendi og einnig skattskyld í hinu samningsríkinu í hendi vinnuveitanda hans eru hlunnindin eingöngu skattskyld í því samningsríki sem hefur eitt rétt eða fyrsta rétt til skattlagningar í samræmi við samninginn að því er varðar laun og annað svipað endurgjald fyrir þá atvinnu sem hlunnindin tengjast. Samningsríki hefur „fyrsta rétt til skattlagningar“ að því marki sem það ríki fær rétt til skattlagningar, að því er varðar laun eða annað svipað endurgjald fyrir viðkomandi atvinnu, í samræmi við þennan samning og hinu samningsríkinu ber að aflétta skatti sem fyrrnefnda ríkið leggur á slíkt endurgjald.

15. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem heimilisfastur aðili í samningsríki fær fyrir setu í stjórn félags sem hefur heimilisfesti í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu.

16. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. má skattleggja tekjur heimilisfasts aðila í samningsríki, sem hann aflar í hinu samningsríkinu með störfum sínum sem listamaður, s.s. í leikhúsi, kvikmyndum, hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða sem tónlistarmaður eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.
2. Ef tekjur af starfi, sem listamaður eða íþróttamaður leysir af hendi sem slíkur, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 14. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starf listamannsins eða íþróttamannsins er leyst af hendi.

17. gr.

Eftirlaun.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 18. gr. skal einungis skattleggja lífeyri og aðrar svipaðar greiðslur, sem eru greiddar heimilisföstum aðila í samningsríki, í því ríki.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má skattleggja lífeyri og annað svipað endurgjald, sem greitt er samkvæmt löggjöf samningsríkis um almannatryggingar, eða einhverju opinberu kerfi sem samningsríki skipuleggur vegna opinberrar félagsþjónustu, í því ríki. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu aðeins gilda um greiðslur til einstaklings sem er ríkisborgari í því samningsríki.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má skattleggja eingreiðslur, sem verða til í samningsríki og eru greiddar til heimilisfasts aðila í hinu samningsríkinu úr viðurkenndum lífeyrissjóði, samkvæmt eftirlauna-kerfi, eða í kjölfar starfsloka, fötlunar, örorku eða dauðsfalls, eða sem skaðabætur vegna meiðsla, í fyrnefnda ríkinu.
4. Meðlag og aðrar framfærslugreiðslur, sem myndast í samningsríki og eru greiddar heimilisföstum aðila í hinu samningsríkinu, skulu einungis skattlagðar í fyrnefnda ríkinu.

18. gr.

Opinbert starf.

1. a) Laun og annað svipað endurgjald, sem samningsríki eða stjórnvaldsumdæmi eða sveitarfélag þess greiðir einstaklingi fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða stjórnvaldsumdæmis eða sveitarfélags, skulu einungis skattlögð í því ríki.
b) Slík laun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og einstaklingurinn er heimilisfastur í því ríki og:
 - i. er ríkisborgari þess ríkis eða
 - ii. tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
2. a) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal lífeyrir, sem samningsríki eða stjórnvaldsumdæmi eða sveitarfélög þess, eða sjóðir sem þau stofna, greiða til einstaklings fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða stjórnvaldsumdæmis eða sveitarfélags, einungis skattlagður í því ríki.
b) Slíkur lífeyrir skal þó einungis skattlagður í hinu samningsríkinu ef einstaklingurinn er heimilisfastur þar og ríkisborgari í því ríki.
3. Ákvæði 14., 15., 16. og 17. gr. skulu gilda um laun og annað svipað endurgjald, ásamt lífeyri, sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnustarfsemi á vegum samningsríkis eða stjórnvaldsumdæmis eða sveitarfélags þess.

19. gr.

Námsmenn.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og dvelur tímabundið í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda komi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess ríkis.

20. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem heimilisfastur aðili í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum samnings þessa, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., sem heimilisfastur aðili í samningsríki, sem hefur með höndum atvinnu-starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett, hefur fengið og réttindin eða eignin, sem tekjurnar stafa frá, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má einnig skattleggja tekjur heimilisfasts aðila í samningsríki, sem ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings og sem verða til í hinu samningsríkinu, í hinu ríkinu.

IV. KAFLI

Aflétting tvísköttunar.

21. gr.

Aflétting tvísköttunar.

1. Í tilviki Ástralíu skal aflétta tvísköttun á eftirfarandi hátt:
 - a) Með fyrirvara um ákvæði laga í Ástralíu varðandi heimild til að nota skatt, sem greiddur er í öðru landi en Ástralíu (sem skal ekki hafa áhrif á almennar meginreglur þessarar greinar), sem inneign á móti skatti í Ástralíu skal heimilt að nota íslenskan skatt, sem greiddur er í samræmi við íslensk lög og ákvæði samnings þessa (nema að því marki sem ákvæði þessa samnings heimila skattlagningu á Íslandi eingöngu vegna þess að tekjurnar eru einnig tekjur sem heimilisfastur aðili á Íslandi fær), að því er varðar tekjur sem heimilisfastur aðili í Ástralíu fær, sem inneign á móti skatti sem greiða ber í Ástralíu af þeim tekjum.
2. Í tilviki Íslands skal aflétta tvísköttun á eftirfarandi hátt:
 - a) Þegar heimilisfastur aðili á Íslandi fær tekjur, sem skattleggja má í Ástralíu í samræmi við ákvæði þessa samnings (nema að því marki sem þessi ákvæði heimila skattlagningu í Ástralíu eingöngu vegna þess að tekjurnar eru einnig tekjur sem heimilisfastur aðili í Ástralíu fær), skal Ísland heimila að fjárhæð, sem er jöfn tekjuskatti sem greiddur er í Ástralíu, komi til frádráttar skatti á tekjur þess heimilisfasts aðila. Slíkur frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sá hluti tekjuskattsins, eins og hann er reiknaður áður en frádrátturinn er veittur, sem er rakinn til þeirra tekna sem heimilt er að skattleggja í Ástralíu.
 - b) Þegar heimilisfastur aðili á Íslandi hefur tekjur, sem eru undanþegnar skattlagningu á Íslandi í samræmi við ákvæði samningsins, er Íslandi engu að síður heimilt, við ákvörðun skatta á aðrar tekjur fyrrnefnds aðila, að taka tillit til þeirra tekna sem eru undanþegnar.

V. KAFLI

Sérákvæði.

22. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, einkum að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem eru ekki heimilisfastir í öðru samningsríkjanna eða þeim báðum.
2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams

konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki túlka þannig að það skyldi samningsríki til að veita heimilisföstum aðila í hinu samningsríkinu persónufrádrátt, ívilnanir og skattalækkunar vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

3. Vextir, þóknarir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir heimilisföstum aðila í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarþær við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og hefðu þau verið greiddar aðila sem er heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu nema ákvæði 1. mgr. 9. gr., 8. mgr. 11. gr. eða 6. mgr. 12. gr. eigi við.
4. Þótt eignir fyrirtækja í samningsríki séu að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir yfirráðum eins eða fleiri heimilisfastra aðila í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en önnur fyrirtæki svipaðrar gerðar í fyrrnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.
5. Þessi grein gildir ekki um áströlsk lög sem varða skattlagningu að því er varðar einstakling sem starfar í orlofi samkvæmt áströlskum lögum.
6. Ákvæði þessarar greinar gilda um skatta sem fjallað er um í 2. gr.

23. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Ef aðili telur að ráðstafanir, sem annað eða bæði samningsríkin gera, leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er aðilann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings, getur aðilinn, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarræði sem lög ríkjanna kveða á um, lagt mál sitt fyrir bært stjórnvald hvors samningsríkis sem er. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um ráðstöfun sem leiðir til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Telji bært stjórnvald andmælin á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu til þess að komast megri hjá skattlagningu sem er ekki í samræmi við samninginn. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt landslögum samningsríkjanna.
3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig haft samráð í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.
4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.
5. Þegar:
 - a) aðili hefur, skv. 1. mgr., lagt mál fyrir bært stjórnvald samningsríkis á þeim grundvelli að ráðstafanir sem annað eða bæði samningsríkin gera leiði til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki eru í samræmi við ákvæði samnings þessa og
 - b) bærum stjórnvöldum reynist ekki unnt að ná samkomulagi til þess að leysa málið skv. 2. mgr. innan tveggja ára frá þeim degi þegar allar upplýsingar, sem krafist er af bærum stjórnvöldum til að unnt sé að taka málið fyrir, hafa verið lagðar fyrir bær stjórnvöld beggja ríkja,
 skal leggja sérhvert óleyst viðfangsefni, sem tengist málinu, fyrir gerðardóm fari viðkomandi aðili skriflega fram á það. Ekki skal leggja óleyst viðfangsefni fyrir gerðardóm ef dómstóll eða stjórnáráðsdómstóll í öðru hvoru ríkinu hefur þegar úrskurðað um þau. Úrskurður gerðardómsins skal vera, nema því aðeins að aðili sem málið hefur bein áhrif á samþykki ekki gagnkvæmt samkomulag sem kemur gerðardómsúrskurðinum til framkvæmda, bindandi gagnvart báðum samningsríkjunum og honum skal komið til framkvæmda með fyrirvara um tímamörk samkvæmt landslögum ríkjanna. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu setja, með gagnkvæmu samkomulagi, nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.
6. Samningsríkin mega afhenda gerðardóminum, sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum 5. mgr., þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að koma gerðardómsmeðferðinni til framkvæmda. Gerðardómsmenn skulu falla undir takmarkanir á upplýsingagjöf sem lýst er í 2. mgr. 24. gr. að því er varðar þær upplýsingar sem þannig eru afhentar. Áður en málsmeðferð fyrir gerðardómi

hefst skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum tryggja að hver aðili sem setur málið fram og ráðgjafar þeirra samþykki skriflega að miðla ekki til annarra aðila neinum þeim upplýsingum sem þeim berast á meðan á málsmeðferð fyrir gerðardómi stendur, hvorki frá bæru stjórnvaldi eða gerðardóminum. Framkvæmd gagnkvæms samkomulags og málsmeðferð fyrir gerðardómi í tengslum við málið skal hætt ef sá aðili sem lagði málið fram eða einhver af ráðgjöfum hans brýtur efnislega gegn samkomulaginu einhvern tímann eftir að beiðni um gerðardóm er lögð fram og áður en gerðardómurinn afhendir bærum stjórnvöldum úrskurð sinn.

7. Að því er 3. mgr. XXII. gr. (Samráð) hins almenna samnings um þjónustuviðskipti varðar samþykkja samningsríkin, þrátt fyrir þá málsgrein, að ágreining á milli þeirra varðandi það hvort ráðstöfun falli undir gildissvið þessa samnings megi einungis leggja fyrir þjónustuviðskiptaráðið (e. Council for Trade of Services), eins og kveðið er á um í þeirri málsgrein, með samþykki beggja samningsríkja. Leysa skal allan vafa um túlkun þessarar málsgreinar skv. 3. mgr. þessarar greinar eða, ef ekki næst samkomulag með þeirri málsmeðferð, samkvæmt annarri málsmeðferð sem bæði samningsríkin samþykkja.

24. gr.

Upplýsingaskipti.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á upplýsingum sem séð verður að skipti máli varðandi framkvæmd ákvæða samnings þessa eða framkvæmd eða framfylgd innlendra laga varðandi skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, sem samningsríkin eða stjórnvaldsumdæmi eða sveitarfélög þeirra leggja á, að svo miklu leyti sem viðkomandi skattlagning fer ekki í bága við samninginn. Ákvæði 1. og 2. gr. takmarka ekki upplýsingaskipti.
2. Með allar upplýsingar, sem samningsríki veitir viðtöku skv. 1. mgr., skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem er aflað samkvæmt lögum þess ríkis og skulu þær eingöngu afhentar aðilum eða stjórnvöldum (þar með talið dómstólum og stjórnarsýslustofnunum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu þeirra skatta, sem getið er í 1. mgr., eða framfylgd eða ákærur vegna þeirra, meðferð kærumála í tengslum við þá eða eftirlit með framangreindum þáttum. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í framangreindum tilgangi. Þeim er heimilt að kunngerá upplýsingarnar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum. Þrátt fyrir framangreint má nota upplýsingar sem samningsríki veitir viðtöku í öðrum tilgangi ef nota má slíkar upplýsingar í slíkum öðrum tilgangi samkvæmt lögum beggja ríkjanna og bært stjórnvald þess ríkis sem leggur upplýsingarnar til heimilar slíka notkun.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal í engu tilviki túlka þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:
 - a) að framkvæma stjórnarsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnarsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins,
 - b) að veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnarsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins,
 - c) að veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluáðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn allsherjarreglu ef þær væru gerðar opinberar.
4. Ef samningsríki leitar upplýsinga í samræmi við þessa grein skal hitt samningsríkið beita þeim áðferðum sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir, jafnvel þótt síðarnefnda ríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding, sem felst í fyrri málslið, er með fyrirvara um takmarkanir 3. mgr. en í engu tilviki skal skýra þær takmarkanir með þeim hætti að þær heimili samningsríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að það sjálft hafi enga þörf fyrir þær.
5. Í engu tilviki skal túlka ákvæði 3. mgr. með þeim hætti að þau heimili samningsríki að synja um upplýsingar af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, tilnefnds aðila eða aðila sem kemur fram sem umboðsaðili eða annast fjármunavörslu eða af þeirri ástæðu að þær tengist eignarhlutum í aðila.

25. gr.

Aðstoð við innheimtu skatta.

1. Samningsríkin skulu aðstoða hvort annað við innheimtu skattkrafna. Ákvæði 1. og 2. gr. takmarka ekki þessa aðstoð. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu setja, með gagnkvæmu samkomulagi, reglur um beitingu þessarar greinar.
2. Hugtakið „skattkrafa“, eins og það er notað í þessari grein, merkir þá skuldafjárhæð skatta hverju nafni sem nefnist sem samningsríki, og í tilvikum Íslands, stjórnvaldsumdæmi eða staðarfélög þess, leggja á, svo fremi þessi skattlagning sé ekki andstæð samningi þessum eða öðrum gerningi sem samningsríkin eiga aðild að, svo og vextir, stjórnsýslusektir og annar kostnaður vegna innheimtu fjárhæðarinnar eða til viðhalds kröfunni.
3. Þegar skattkrafa samningsríkis er aðfararhæf samkvæmt lögum þess ríkis og aðili, sem á að greiða hana, getur ekki samkvæmt lögum þess ríkis staðið gegn innheimtu hennar á þeim tíma skal skattkrafan samþykkt, að beiðni bærs stjórnvalds í því ríki, til þess að bært stjórnvald í hinu samningsríkinu geti innheimt hana. Hitt ríkið skal innheimta skattkröfuna í samræmi við ákvæði landslaga sinna sem gilda um aðfararhæfi og innheimtu eigin skatta, eins og skattkrafan væri skattkrafa þess ríkis.
4. Þegar samningsríki er heimilt samkvæmt landslögum að gera ráðstafanir til að viðhalda skattkröfu sinni með það að markmiði að innheimta hana skal skattkrafan samþykkt, að beiðni bærs stjórnvalds í því ríki, svo að bært stjórnvald í hinu samningsríkinu geti gert ráðstafanir til að viðhalda henni. Hitt ríkið skal gera ráðstafanir til að viðhalda skattkröfunni í samræmi við ákvæði eigin laga eins og það sjálfstætti skattkröfuna, jafnvel þótt hún sé ekki aðfararhæf í því ríki á þeim tíma þegar ráðstöfununum er beitt eða sé í eigu aðila sem hefur rétt til að koma í veg fyrir innheimtu hennar.
5. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. skal skattkrafa, sem samningsríki samþykkir með tilliti til 3. eða 4. mgr., ekki háð tímamörkum í því ríki eða njóta þar forgangs sem gildir um skattkröfu samkvæmt lögum þess ríkis vegna þess hvers eðlis hún er. Auk þess skal skattkrafa, sem samningsríki samþykkir með tilliti til 3. eða 4. mgr., ekki njóta forgangs sem á við um þá skattkröfu samkvæmt lögum hins samningsríkisins.
6. Málshöfðun vegna tilvistar, gildis eða fjárhæðar skattkröfu samningsríkis skal ekki fara fram fyrir dómstólum eða stjórnsýslustofnunum hins samningsríkisins.
7. Ef viðkomandi skattkrafa hættir að vera, hvenær sem er eftir að beiðni hefur borist frá samningsríki skv. 3. eða 4. mgr. og áður en hitt samningsríkið hefur innheimt og sent viðkomandi skattkröfu til fyrrnefnda ríkisins:
 - a) ef um er að ræða beiðni skv. 3. mgr., skattkrafa fyrrnefnda ríkisins sem er aðfararhæf samkvæmt lögum þess ríkis og er í skuld aðila sem getur ekki, á þeim tíma, komið í veg fyrir innheimtu hennar samkvæmt lögum þess ríkis eða
 - b) ef um er að ræða beiðni skv. 4. mgr., skattkrafa fyrrnefnda ríkisins en því ríki er heimilt að gera ráðstafanir til að viðhalda kröfunni samkvæmt eigin lögum í því skyni að tryggja innheimtu hennar,
 skal bært stjórnvald í fyrrnefnda ríkinu þegar í stað tilkynna bæru stjórnvaldi í hinu ríkinu um þá staðreynd og skal fyrrnefnda ríkið fresta eða fella niður beiðni sína kjósi hitt ríkið það.
8. Ákvæði þessarar greinar skal í engu tilvikum túlka þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:
 - a) að gera stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins,
 - b) að gera ráðstafanir sem myndu stríða gegn allsherjarreglu,
 - c) að veita aðstoð ef hitt samningsríkið hefur ekki gert allar eðlilegar ráðstafanir til að innheimta eða viðhalda kröfunni, eftir atvikum, sem heimilaðar eru samkvæmt lögum þess eða stjórnsýsluvenju,
 - d) að veita aðstoð í þeim tilvikum þegar stjórnsýsluálag á það ríki er augljóslega ekki í samræmi við þann ávinning sem hitt samningsríkið getur vænst,
 - e) að veita aðstoð ef það ríki telur að skattarnir sem farið er fram á aðstoð vegna séu lagðir á þvert gegn almennt viðurkenndum meginreglum um skattlagningu.

26. gr.

Starfsmenn sendiskrifstofa og ræðisstofnana.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á skattaívilnanir sem starfsmenn sendiskrifstofa eða ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum reglum þjóðaréttar eða ákvæðum sérstakra samninga.

27. gr.

Réttur til ávinnings.

1. Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa skal ekki veita ávinning á grundvelli þessa samnings vegna tekna ef réttmætt má telja, með hliðsjón af öllum viðeigandi staðreyndum og aðstæðum, að það að njóta ávinningsins hafi verið einn helsti tilgangurinn með tilhögun eða viðskiptum sem leiddi beint eða óbeint til slíks ávinnings nema staðfest sé að það að veita ávinninginn við þessar aðstæður myndi vera í samræmi við markmið og tilgang viðeigandi ákvæða samningsins.
2. Þegar aðila er synjað um ávinning samkvæmt þessum samningi á grundvelli 1. mgr. skal bært stjórnvald samningsríkisins sem hefði annars veitt þennan ávinning engu að síður fara með þennan aðila eins og hann eigi rétt á þessum ávinningi, eða öðrum ávinningi að því er varðar sérstaka tekjuliði, ef viðkomandi bært stjórnvald ákvarðar, að fenginni beiðni frá þeim aðila og eftir skoðun á viðkomandi staðreyndum og aðstæðum, að aðilanum hefði verið veittur slíkur ávinningur ef viðskiptin eða tilhögunin sem um getur í 1. mgr. hefði ekki verið til staðar. Viðkomandi bært stjórnvald í samningsríkinu þar sem beiðnin er lögð fram mun hafa samráð við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu áður en það hafnar beiðni sem heimilisfastur aðili í hinu ríkinu leggur fram samkvæmt þessari málsgrein.
3. Þegar tekjur sem einstaklingur fær eru undanþegnar skatti í samningsríki eingöngu vegna þess að einstaklingurinn hefur þar tímabundna búsetu samkvæmt gildandi lögum þess ríkis skal engin aflétting eða undanþága frá skatti standa til boða samkvæmt þessum samningi í hinu samningsríkinu að því er þær tekjur varðar.
4. Ekkert í þessum samningi skal koma í veg fyrir beitingu hvers kyns ákvæða í lögum samningsríkis sem er ætlað að koma í veg skattsvik eða skattundanskot. Þegar tvísköttun kemur til vegna beitingar slíkra ákvæða skal viðkomandi bært stjórnvald hafa samráð til þess að komast hjá tvísköttun í samræmi við 3. mgr. 23. gr.

28. gr.

Bókun.

Bókunin, sem fylgir samningi þessum, skal vera óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

29. gr.

Gildistaka.

Samningsríkin skulu tilkynna hvort öðru um það skriflega, eftir diplómátskum leiðum, þegar innlendum skilyrðum fyrir gildistöku samnings þessa hefur verið fullnægt. Samningur þessi öðlast gildi á dagsetningu síðustu tilkynningarinnar og gildir frá þeim degi:

- a) í tilviki Ástralíu:
 - i. með tilliti til staðgreiðsluskatta á tekjur sem aðili, sem ekki er heimilisfastur, aflar, að því er varðar tekjur sem er aflað 1. janúar eða síðar, næst á eftir gildistöku degi samningsins,
 - ii. með tilliti til skatta af hlunnindum, að því er varðar hlunnindi sem veitt eru 1. apríl eða síðar, næst á eftir gildistöku degi samningsins,
 - iii. með tilliti til annarra ástralskra skatta, að því er varðar tekjur á tekjuári sem hefst 1. júlí eða síðar, næst á eftir gildistöku degi samningsins,
- b) í tilviki Íslands:
 - i. með tilliti til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, að því er varðar tekjur sem aflað er 1. janúar eða síðar, næst á eftir gildistöku degi samningsins,
 - ii. með tilliti til annarra tekjuskatta, vegna skatta sem heimilt er að leggja á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar, næst á eftir gildistöku degi samningsins.

30. gr.
Uppsögn.

Þessi samningur skal halda gildi sínu ótímabundið en hvort samningsríki um sig getur sagt samningnum upp eftir diplómátskum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn til hins samningsríkisins eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs sem hefst þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins og skal samningurinn þá falla úr gildi:

- a) í tilviki Ástralíu:
 - i. með tilliti til staðgreiðsluskatta á tekjur sem aðili, sem ekki er heimilisfastur, aflar, að því er varðar tekjur sem aflað er 1. janúar eða síðar, næst á eftir dagsetningu skriflegu uppsagnarinnar,
 - ii. með tilliti til skatta af hlunnindum, að því er varðar hlunnindi sem veitt eru 1. apríl eða síðar, næst á eftir dagsetningu skriflegu uppsagnarinnar,
 - iii. með tilliti til annarra ástralskra skatta, að því er varðar tekjur á tekjuári sem hefst 1. júlí eða síðar, næst á eftir dagsetningu skriflegu uppsagnarinnar,
- b) í tilviki Íslands:
 - i. með tilliti til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, að því er varðar tekjur sem aflað er 1. janúar eða síðar, næst á eftir dagsetningu skriflegu uppsagnarinnar,
 - ii. með tilliti til annarra tekjuskatta, vegna skatta sem heimilt er að leggja á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar, næst á eftir dagsetningu skriflegu uppsagnarinnar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 12. október 2022 í tvíriti á íslensku og ensku og eru báðir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur rís um ákvæði þessa samnings eða túlkun eða beitingu þeirra skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd Íslands:

Fyrir hönd Ástralíu:

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

Kerin Ann Burns Ayyalaraju

BÓKUN
VIÐ SAMNINGINN MILLI ÍSLANDS OG ÁSTRALÍU
UM AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TEKJUSKATT
OG AÐ KOMA Í VEG FYRIR SKATTSVIK OG SKATTUNDANSKOT

Ísland og Ástralía hafa, auk samningsins milli Íslands og Ástralíu um að komast hjá tvísköttun að því er varðar tekjuskatt og að koma í veg fyrir skattsvik og skattundanskot, komist að samkomulagi um eftirfarandi ákvæði sem eru óaðskiljanlegur hluti samningsins:

1. Með vísan til 4. mgr. 27. gr.:

Litið er svo á að vísan til „hvers kyns ákvæða í lögum samningsríkis sem er ætlað að koma í veg skattsvik og skattundanskot“ nái til:

 - a) í tilvikum Ástralíu, hluta IVA í lögnum Income Tax Assessment Act 1936 eða 67. þáttar í lögnum Fringe Benefits Tax Assessment Act 1986,
 - b) í tilvikum Íslands, almennra reglna gegn undanskotum í lögum um tekjuskatt,
 - c) ráðstafana sem ætlað er að taka á þunnri eiginfjármögnun og flutningi arðs úr félagi (e. dividend stripping),
 - d) ráðstafana sem ætlað er að taka á milliverðlagningu,
 - e) reglna um erlend félög undir yfirráðum (CFC-félaga) og vörslusjóði framseljanda,
 - f) ráðstafana sem er ætlað að tryggja að hægt sé að innheimta og endurheimta skatta með skilvirkum hætti, þ.m.t. viðhaldsráðstafanir.
2. Með vísun til samningsins almennt:

Hugtakið „tekjur“ hefur víða merkingu og nær yfir hagnað og ágóða.
3. Með vísun til 9. gr.:

Litið er svo á að vísanir til skilyrða sem eru „samin eða sett“ á milli fyrirtækja beri að túlka vítt og nái til hvers kyns skilyrða sem eru virk á milli þessara fyrirtækja.
4. Með vísan til 4. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr.:

Litið er svo á að hugtakið „fjárfestingarsjóður ríkisins“ merki aðila sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

 - a) aðilinn er:
 - i. að fullu í eigu samningsríkis eða stjórnvaldsumdæmis eða sveitarfélags þess og
 - ii. eingöngu fjármagnaður með opinberu fé og
 - b) öll ávöxtun af fjárfestingum aðilans er opinbert fé og
 - c) aðilinn er *ekki*:
 - i. sameignarfélag eða
 - ii. aðili með meginstarfsemi sem samanstendur af öðru hvoru eða hvoru tveggja af eftirfarandi:
 - A) framleiðslu eða viðskiptum með ófjárhagslegar vörur,
 - B) veitingu þjónustu sem er ekki fjármálaþjónusta eða
 - iii. aðili sem:
 - A) stundar viðskipti með fjáreignir og skuldir eða
 - B) rekur starfsemi í viðskiptalegum tilgangi á fjármálamarkaði eða
 - C) er með meginstarfsemi sem felur í sér veitingu á þjónustu fjármálamilliliðar, þjónustu við fjármálafyrirtæki eða fjármagnsþjónustu fjármálastofnunar.
 5. Með vísan til 2. mgr. 13. gr.:

Litið er svo á að hugtakið „lausafé“ merki eignir sem ekki eru fasteignir.
 6. Með vísan til 3. mgr. 17. gr.:

Litið er svo á að „eftirlaunakerfi“ merki tilhögun sem einstaklingurinn tekur þátt í til þess að tryggja sér eftirlaun. Einnig er litið svo á, ef um er að ræða eingreiðslur sem verða til í Ástralíu, að:

 - a) eftirlaunakerfi nái yfir:
 - i. „eftirlaunasparnaðarreikninga (e. retirement savings account)“, eins og þeir eru skilgreindir í lögnum *Retirement Savings Accounts Act 1997*,

- ii. „líftryggingar með jafngreiðslulífeyri sem falla þar undir (e. complying superannuation life insurance policy)“ eins og þær eru skilgreindar í lögnum *Income Tax Assessment Act 1997* og
 - iii. „undanskildar líftryggingar (e. exempt life insurance policy)“ eins og þær eru skilgreindar í lögnum *Income Tax Assessment Act 1997*, aðrar en tryggingar sem um getur í i. eða iii. lið e-liðar í undirþætti 320-246(1) í þeim lögum og
- b) fara skuli með greiðslu frá skattstjóra samkvæmt lögnum *Superannuation (Unclaimed Money and Lost Members) Act 1999* sem eingreiðslu sem greidd er samkvæmt eftirlaunakerfi.
7. Með vísan til 5. mgr. 23. gr.:
- Í tilviki Ástralíu gildir 5. mgr. 23. gr. ekki um óleyst viðfangsefni að því marki sem þau fela í sér beitingu á hluta IVA í lögnum *Income Tax Assessment Act 1936* eða 67. liðar í lögnum *Fringe Benefits Tax Assessment Act 1986*.

CONVENTION
BETWEEN ICELAND AND AUSTRALIA
FOR THE ELIMINATION OF DOUBLE TAXATION
WITH RESPECT TO TAXES ON INCOME AND
THE PREVENTION OF TAX EVASION AND AVOIDANCE

Preamble

Iceland and Australia

Desiring to further develop their economic relationship and to enhance their co-operation in tax matters;

Intending to conclude a Convention for the elimination of double taxation with respect to taxes on income without creating opportunities for non-taxation or reduced taxation through tax evasion or avoidance (including through treaty-shopping arrangements aimed at obtaining reliefs provided in this Convention for the indirect benefit of residents of third States),

Have agreed as follows:

CHAPTER I
SCOPE OF THE CONVENTION

Article 1

PERSONS COVERED

1. This Convention shall apply to persons who are residents of one or both of the Contracting States.
2. For the purposes of this Convention, income derived by or through an entity or arrangement that is treated as wholly or partly fiscally transparent under the tax law of either Contracting State shall be considered to be income of a resident of a Contracting State but only to the extent that the income is treated, for purposes of taxation by that State, as the income of a resident of that State.
3. This Convention shall not affect the taxation, by a Contracting State, of its residents except with respect to the benefits granted under paragraph 2 of Article 9, paragraph 6 of Article 13, paragraph 4 of Article 17 and Articles 18, 19, 21, 22, 23 and 26.

Article 2

TAXES COVERED

1. This Convention shall apply to taxes on income imposed on behalf of a Contracting State and, in the case of Iceland, on behalf of its political subdivisions or local authorities, irrespective of the manner in which they are levied.
2. There shall be regarded as taxes on income all taxes imposed on total income or on elements of income, including taxes on gains from the alienation of movable or immovable property, taxes on the total amounts of wages or salaries paid by enterprises, as well as taxes on capital appreciation.
3. The existing taxes to which this Convention shall apply are in particular:
 - (a) in Australia:
 - (i) the income tax; and
 - (ii) resource rent taxes; and
 - (iii) the fringe benefits tax;imposed under the federal law of Australia (hereinafter referred to as "Australian tax");
 - (b) in Iceland:
 - (i) the income taxes to the state (tekjuskattar ríkissjóðs);
 - (ii) the income tax to the municipalities (útsvar til sveitarfélaganna);(hereinafter referred to as "Icelandic tax");

4. The Convention shall apply also to any identical or substantially similar taxes that are imposed under the federal law of Australia or the law of Iceland after the date of signature of the Convention in addition to, or in place of, the existing taxes. The competent authorities of the Contracting States shall notify each other of any significant changes that have been made in their taxation laws.

CHAPTER II
DEFINITIONS

Article 3

GENERAL DEFINITIONS

1. For the purposes of this Convention, unless the context otherwise requires:
- (a) the term “Australia”, when used in a geographical sense, excludes all external territories other than:
 - (i) the Territory of Norfolk Island;
 - (ii) the Territory of Christmas Island;
 - (iii) the Territory of Cocos (Keeling) Islands;
 - (iv) the Territory of Ashmore and Cartier Islands;
 - (v) the Territory of Heard Island and McDonald Islands; and
 - (vi) the Coral Sea Islands Territory;
 and includes any area adjacent to the territorial limits of Australia (including the Territories specified in this subparagraph) in respect of which there is for the time being in force, consistently with international law, a law of Australia dealing with the exploration for or exploitation of any of the natural resources of the exclusive economic zone or the seabed and subsoil of the continental shelf;
 - (b) the term “Iceland” means Iceland and, when used in a geographical sense, means the territory of Iceland, including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its subsoil and its superjacent waters, and their natural resources;
 - (c) the term “business” includes the performance of professional services and of other activities of an independent character;
 - (d) the term “company” means any body corporate or any entity that is treated as a company or body corporate for tax purposes;
 - (e) the term “competent authority” means:
 - (i) in Australia, the Commissioner of Taxation or an authorised representative of the Commissioner; and
 - (ii) in Iceland, the Minister of Finance or the Minister’s authorised representative;
 - (f) the term “enterprise” applies to the carrying on of any business;
 - (g) the terms “enterprise of a Contracting State” and “enterprise of the other Contracting State” mean respectively an enterprise carried on by a resident of a Contracting State and an enterprise carried on by a resident of the other Contracting State;
 - (h) the term “international traffic” means any transport by a ship or aircraft except when such transport is solely between places in a Contracting State and the enterprise that operates the ship or aircraft is not an enterprise of that State;
 - (i) the term “national”, in relation to a Contracting State, means:
 - (i) any individual possessing the nationality or citizenship of that Contracting State; and
 - (ii) any legal person, company, partnership or association deriving its status as such from the laws in force in that Contracting State;
 - (j) the term “person” includes an individual, a company and any other body of persons;
 - (k) the term “tax” means Australian tax or Icelandic tax as the context requires, but does not include any penalty or interest imposed under the law of either Contracting State relating to its tax;
 - (l) the term “recognised pension fund” of a Contracting State means an entity or arrangement established in that State that is treated as a separate person under the taxation laws of that

- State or, in the case of Australia, an Australian superannuation fund for the purposes of Australian tax or, in the case of Iceland, an Icelandic pension fund according to the income tax law of Iceland, and:
